



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 17. maí 2013

Á fundi stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) þann 17. maí 2013 fjallaði stjórnin um málefni sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Síðasti samningur um framkvæmd sjúkraflutninga milli SHS og velferðarráðuneytisins rann út í árslok 2011.

Frá því formlegir sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu hófust árið 1921 hafa þeir verið reknir samhliða slökkviliði og hefur það verið farsæll samrekstur, bæði út frá hagkvæmnisjónarmiðum og m.t.t. öryggis og velferðar íbúanna. Árið 1991 fluttist ábyrgð á rekstri sjúkraflutninga frá sveitarfélögum til ríkisins og hefur þeim verið sinnt síðan af SHS og forverum þess í verktöku á grundvelli þjónustusamnings við ríkið sem felur í sér kröfulýsingu um gæði þjónustunnar. Samningaumleitanið milli ríkis og sveitarfélaga hafa því snúist um ásættanlega þóknun ríkisins til slökkviliðsins svo það geti uppfyllt gæðakröfumur og þar með veitt íbúum höfuðborgarsvæðisins þá þjónustu sem þeir eiga kröfu á.

Fyrirliggjandi er undirrituð viljayfirlýsing um samkomulagsgrundvöll milli samningsaðila frá 1. febrúar sl. Einnig liggja fyrir samningsdrög í takt við samkomulagsgrundvöllinn sem ríkið hefur ekki gert athugasemdir við. Enn hefur þó ekki verið gengið formlega frá samningi um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Sú óvissa sem það veldur er ólíðandi fyrir SHS, en þó einkum fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins sem þjónustuna þiggja. Á meðan fer þörfin fyrir þessa þjónustu stigvaxandi á svæðinu.

Stjórn SHS ítrekaði á fundinum fyrri bókun sína um málið:


Stjórn SHS harmar að ekki sé búið að ganga frá formlegum samningi um þetta mikilvæga öryggismál á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir samkomulag þar um, sem fulltrúar SHS og VEL skrifuðu undir, eftir mikla undirbúnings- og samningavinnu. Að mati stjórnarinnar er það óásættanlegt þegar fagráðuneyti gengur frá samkomulagi, í þessu tilfelli velferðarráðuneytið, að málið skuli ekki vera afgreitt hjá fjármálaráðuneytinu.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 23.5.2013
Dómsnr: 1210486
Prófat: 561

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 528 3000 • Fax 528 3001
Netfang: shs@shs.is • Veffang: www.shs.is

Stjórn SHS fól undirrituðum að gera grein fyrir stöðu málsins með erindi þessu og afstöðu stjórnar gagnvart því. Á meðan samningur um sjúkraflutninga er ófrágenginn er rekstur slökkviliðsins í uppnámi, sem hefur áhrif á alla þætti starfsemi þess, og óásættanleg óvissa ríkir þar með um öryggi og velferð íbúanna á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.



Jón Viðar Matthíasson
slökkviliðsstjóri

Samrit:
Velferðarráðherra, Guðbjartur Hannesson
Fjármála- og efnahagsráðherra, Katrín Júlíusdóttir
Sjúkratryggingar Íslands
Borgarráð Reykjavíkur
Bæjarráð Kópavogsbæjar
Bæjarráð Garðabæjar
Bæjarráð Mosfellsbæjar
Bæjarstjórn Seltjarnarness